

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 115/2007**

**frá 28. september 2007**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptajónusta) og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2007 frá 27. apríl 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2004 frá 6. febrúar 2004 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB frá 15. mars 2006 um að skipa hóp háttsettra sérfræðinga til að veita framkvæmdastjórn Evrópu-bandalaganna ráðgjöf varðandi framkvæmd og þróun i2010-aðgerðaáætlunarinnar <sup>(3)</sup>.
- 4) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps háttsettra sérfræðinga sem er skipaður samkvæmt ákvörðun 2006/215/EB og breyta XI. viðauka þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þann hóp.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB frá 24. október 2005 um að koma á fót hópi sérfræðinga um rafræn viðskipti <sup>(4)</sup> var felld inn í XI. viðauka við samninginn með ákvörðun nr. 120/2006.
- 6) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps sérfræðinga um rafræn viðskipti sem er skipaður samkvæmt ákvörðun 2005/752/EB og breyta XI. viðauka þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þann hóp.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*l. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 58, og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 80, 17.3.2006, bls. 74.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 20.

- „50. **32006 D 0215**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB frá 15. mars 2006 um að skipa hóp háttsettra sérfræðinga til að veita framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ráðgjöf varðandi framkvæmd og þróun i2010-aðgerðaáætlunarinnar (Stjtíð. ESB L 80, 17.3.2006, bls. 74).

Tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hóps háttsettra sérfræðinga um i2010-áætlunina.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 5n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB):

„Tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hóps sérfræðinga um rafræn viðskipti.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

#### 2. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.):

- „18. Hópur sérfræðinga um rafræn viðskipti (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB).
19. Hópur háttsettra sérfræðinga um i2010-áætlunina (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB).“

#### 3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/215/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

#### 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.